

- b) Til kandídatsprófs í ljósmóðurfræði (cand.obst.).
Ljósmóðurfræði er 60 eininga nám að loknu B.S.-prófi í hjúkrunarfræði.
- c) Til diplomaprófs á meistarastigi í hjúkrunarfræði.
Diplomanám á meistarastigi í hjúkrunarfræði er 20 til 30 eininga nám að loknu B.S.-prófi í hjúkrunarfræði eða öðru sambærilegu háskólaprófi.
Deildin setur nánari reglur um diplomanám á meistarastigi sem háskólaráð staðfestir.
- d) Til meistaraprófs í hjúkrunarfræði á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.
Meistaránám í hjúkrunarfræði er 60 eininga nám og telst ársnám 30 einingar. Deildin setur nánari reglur um nám til meistaraprófs sem háskólaráð staðfestir.
Deildinni er heimilt að bjóða hjúkrunarfræðingum viðbótarnám og nám til endurmenntunar.
- Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

12. gr.

Aftan við lokamálgrein ákvæða til bráðabirgða í reglunum kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Breytingar á ákvæðum um lágmarkseinkunn í raunvísindadeild, sbr. 119. gr. reglna þessara, gilda frá og með upphafi kennslu á haustmisseri 2004. Lágmarkseinkunnin 4,0 verður lögð til grundvallar námsmati í námskeiðum sem lýkur með prófi vorið 2004 sem og á sjúkra- og upptökuprófum í ágúst 2004. Lágmarksmeðaleinkunnin 5,50 verður lögð til grundvallar við mat á prófflokkum sem stúdent hefur lokið fyrir upphaf kennslu á haustmisseri 2004.

13. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og að tillögum viðkomandi háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. apríl 2004.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, Fljótssdalshreppur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarsvæði verður afmarkað í landi Eyrarlands og Bessastaða.
- Gatnamót Fljótssdalsvegar 933 og Austurleiðar inn Fljótssdalsheiði F910 við Bessastaði færast norðar.
- Blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota og þjónustustofnun verður afmarkað við Végarð.
- Frístundabyggð verður í landi Brekkugerðis, Brekku og Víðivalla fremri.

- Opið svæði til sérstakra nota (með bátalægi) er skilgreint á Húsatanga í landi Brekkugerðishúsa og móttökusvæði skógræktarinnar í Víðivallaskógi.
- Staðfestar eru tillögur úr sérstöku svæðisskipulagi vegna Kárahnjúka, s.s. spennistöð í landi Hamborgar, dælustöð, skurðir og flóðvarnarmannvirkir.
- Lega Múlavegar 934 og Norðurdalsvegur 9340 við Langhús og innan við Valþjófsstað breytist og aðlagast fyrirhuguðum virkjunarmannvirkjum.
- Gert er ráð fyrir tveimur iðnaðarsvæðum sem verða úrvinnslusvæði skógarafurða við Valþjófsstað og í landi Víðivalla ytri.
- Hlið Valþjófsstaðafjalls frá Valþjófsstað upp af Skriðuklaustri að Bessastaðaárgili verður hverfisvernduð.
- Sýnd er lega ljósleiðara frá Egilsstöðum að stöðvarmannvirkjum í Fljótsdal og að Kárahnjúkum.
- Afmörkun iðnaðarsvæðis vegna mannvirkja Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal er aðlöguð framsetningu í deiliskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2003-2014, Svínhagi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2003-2014 frá 14. júlí 2003.

Breytingin felst í því að landnotkun á jörðinni Svínhaga sem skilgreind er sem landbún-
aðarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.